

Nefndasvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík: 5.12.2022

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um félagafrelsi á vinnumarkaði, 24. mál.

Yfirlýst markmið frumvarps þingmanna Sjálfstæðisflokksins, annarra en ráðherra og forseta þingsins, er að tryggja félagafrelsi á vinnumarkaði, nánar tiltekið neikvætt félagafrelsi, með því að tryggja rétt launafólks til að velja sér stéttarfélag, banna forgangsréttarákvæði í kjarasamningum, vernda rétt launafólks til að standa utan verkfalla sem þeir tilheyra ekki og afnema greiðsluskyldu ófélagsbundins launfólks þar sem þess er krafist í lögum eða kjarasamningum. Frumvarpinu er ætlað að ná til bæði almenns og opinbers vinnumarkaðar.

Frumvarpið varðar kjarna hins íslenska vinnumarkaðsumhverfis og rýrir verulega grundvallarréttindi launafólks og verkalýðshreyfingar á Íslandi. Það veikir samtakamátt launafólks og stöðu verkalýðsfélaga til að sinna lögbundnu hlutverki sínu og verja réttindi og vernd þeirra sem starfa á vinnumarkaði. Þá skerðir það rétt launafólks til að beita verkfallsvopninu til að ná fram réttlátum kjarabótum.

Forgangsréttarákvæði kjarasamninga

Kjarasamningar hér á landi hafa flestir ákvæði um forgangsrétt. *Forgangsréttarákvæði* kveða á um að atvinnurekandi skuli láta félagsfólk tiltekins stéttarfélags njóta forgangs til tiltekinnar vinnu að því gefnu að þau séu hæf til. Forgangsréttarákvæði íslenskra kjarasamninga eru ekki *útilokunarákvæði* eins og frumvarpsflytjendur virðast telja og eru annars eðlis en ákvæði sem mæla fyrir um aðildarskyldu. Þó svo að forgangsréttarákvæði stuðli að félagsaðild, útiloka þau ekki fólk frá störfum. Virðist 1. mgr. 5. gr. frumvarpsins fyrst og fremst ætlað að gera útilokunarákvæði ólögsmæt. Undirrituðum er ekki kunnugt að slík ákvæði viðgangist í helstu kjarasamningum á íslenskum vinnumarkaði og Alþýðusamband Íslands hefur bannað slík ákvæði í lögum sínum og aðildarfélagum.

Þess má geta að 3. mgr. 5. gr. kveða aðallega á um bann við einhvers konar vinnumiðlunum sem undirrituðum er ekki kunnugt um að sé kveðið á um í kjarasamningum eða sé við lýði á íslenskum vinnumarkaði.

Verkföll

Frumvarpið gerir ráð fyrir að við 14. gr. laga nr. 80/1938 bætist ákvæði um að ákvörðun stéttarfélags um vinnustöðvun bindi eingöngu félagsmenn þess stéttarfélags. Frumvarpinu er því ætlað að breyta gildandi reglum um verkfallsrétt launafólks á þann hátt að aðrir en þeir sem kjósa að greiða iðgjöld til stéttarfélags standi utan verkfalla. Verði frumvarpið að lögum væri um að ræða brotthvarf frá núgildandi framkvæmd, sem gerir ráð fyrir að verkfall bindi alla sem vinna þau störf sem kjarasamningur nær til óháð stéttarfélagsaðild.

Verkfallsrétturinn er samkvæmt lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 bundinn við stéttarfélög. Nái frumvarpið fram að ganga munu þeir sem kjósa að greiða ekki iðgjald til stéttarfélaga verða sviptir verkfallsrétti eða þvingaðir til félagsstofnunar vilji þeir njóta þessa réttar. Efni frumvarpsins gengur þannig þvert á gildandi vinnulöggjöf og grunnstoðir íslenska vinnumarkaðsumhverfisins. Verði efni frumvarpsins að lögum yrðu verkföll ekki það afl sem samtakamátturinn tryggir launafólki með núverandi fyrirkomulagi.

Greiðsluskylda og aðild að stéttarfélagi

Skv. 2. mgr. 74. gr. stjórnarskrár má engan skylda til aðildar að félagi þó kveða megi á um slíka skyldu ef það er nauðsynlegt til að félag geti sinnt lögmæltu hlutverki vegna almannahagsmuna eða réttinda annarra. Hvergi í lögum eru ákvæði um aðildarskyldu að stéttarfélagi og í lögum um stéttarfélög og vinnudeilur nr. 80/1938 er beinlínis gert ráð fyrir að launafólk geti staðið utan stéttarfélaga eins og sjá má af 2. mgr. 3. gr. og 45. gr. Hafa undirrituð félög öll í félagslögum sínum þann valkost að standa utan félags en njóta þó þeirrar þjónustu og hagsmunagæslu sem félögin bjóða sé þess óskað enda eru réttindi í meginatriðum þau sömu.

Samkvæmt starfskjaralögum nr. 55/1980 er atvinnurekendum skylt að halda eftir iðgjaldi til þess stéttarfélags sem þjónustar kjarasamning á viðkomandi svæði. Í starfskjaralögunum er einnig mælt fyrir um að kjarasamningar skuli tryggja lágmarkskjör og að samningar um lakari kjör teljist ógildir. Atvinnurekendur eru þannig bundnir af lágmarksákvæðum viðkomandi kjarasamnings við stéttarfélagið, ekki einungis fyrir félagsmenn þess félags sem þá gerir heldur og fyrir alla sem vinna þau störf sem kjarasamningur félagsins nær til. Núverandi fyrirkomulag spornar gegn því að hægt sé að stunda félagsleg undirboð og greiða starfsfólki lægri laun en aðilar vinnumarkaðarins hafa samið um í kjarasamningi fyrir viðkomandi starfsgrein. Út á það hefur hið íslenska vinnumarkaðsumhverfi meðal annars gengið. Einnig tryggja kjarasamningar félaganna fólki á vinnumarkaði ákveðin lágmarkssréttindi. Þar má nefna orlofsrétt, uppsagnarrétt, hvíldartíma og rétt til launa í veikindum og vegna slysa o.m.fl. Réttindi sem flestir á íslenskum vinnumarkaði telja til sjálfsagðs grundvallarréttar vinnandi fólks en ættu undir högg að sækja yrði yrði efni frumvarpsins að lögum.

Frumvarpið gerir ekki ráð fyrir að samningar undir lágmarkskjörum yrðu óheimilir. Stéttarfélög myndu því ekki geta varið lágmarkskjör á vinnumarkaði eða réttindi þeirra sem kjósa að greiða ekki iðgjald til stéttarfélaga verði frumvarpið að lögum. Atvinnurekendum yrði því frjálst að undirbjóða lágmarkslaun og réttindi sem nú eru tryggð í kjarasamningum og varin af stéttarfélagunum, með ófyrirséðum afleiðingum fyrir íslenskan vinnumarkað.

Þar sem starfskjaralögin gera kjör kjarasamninga að lágmarksrétti hefur verið talið óhjákvæmilegt að þeir sem njóta þeirrar þjónustu sem félagið veitir á félagssvæðinu greiði fyrir hana, enda ekki hægt að sinna þessari lögbundnu hagsmunagæslu launafólks ella.

Iðgjald það sem greitt er til stéttarfélaganna stendur m.a. straum af aðstoð vegna kjaramála og ágreinings við atvinnurekanda sem upp kemur á vinnustað. Til félaganna leita þau sem kosið hafa að gerast félagsmenn en einnig þau sem greitt hafa til félagsins en kosið hafa að standa utan félags. Einnig leitar til félaganna starfsfólk sem ekki hefur verið skilað af iðgjaldi til félaga jafnvel árum saman þegar þau verða fyrir brotum á réttindum þeirra. Oft er um að ræða alvarleg brot á réttindum vinnandi fólks. Mikil og vaxandi eftirpurn er eftir aðstoð, slíkum málum fer hratt fjölgandi og sífellt meiri kröfur eru um aukna aðkomu stéttarféлага að málum. Augljóst er í starfi undirritaðra að mikil þörf er á þessari þjónustu og er frumvarpið í beinni andstöðu við þær þarfir fólks á vinnumarkaði sem koma skýrt fram í starfi félaganna.

Til félaganna leitar í auknum mæli starfsfólk sem atvinnurekendur hafa boðið kjör undir þeim lágmarkslaunum sem samið hefur verið um í kjarasamningum. Auk þess leita í auknum mæli til félaganna viðkvæmir hópar erlends starfsfólks sem kemur hér til starfa án þess að þekkja til á íslenskum vinnumarkaði eða hafa hér bakland og brotið hefur verið á. Þá er einnig mikið um að ungt fólk á vinnumarkaði leiti til stéttarfélaganna í sömu erindagjörðum. Alltof oft kemur í ljós að iðgjöldum til stéttarfélags ásamt iðgjöldum til lífeyrissjóða og staðgreiðslusköttum hefur ekki verið skilað. Félagin hafa engu að síður aðstoðað þetta félagsfólk við að sækja laun sem hafa verið vangreidd og réttindi sem brotið hefur verið á.

Þessi mál eru bæði tímafrek og kostnaðarsöm og krefjast síaukinna fjármuna sem iðgjöld til félagsins standa straum af. Nái efni frumvarpsins fram að ganga má leiða að því líkur að félagin muni ekki hafa fjárhagslegt bolmagn til að verja starfsfólk líkt og nú er í krafti samtryggingar og alvarlega yrði vegið að öryggi og réttindum starfsfólks á íslenskum vinnumarkaði.

Í 2. gr. frumvarpsins er kveðið á um að bæði launafólk og atvinnurekendur eigi rétt á að stofna og ganga í þau stéttarfélög sem þeir kjósa og eru einungis háðir reglum hlutaðeigandi stéttarfélags um inngöngu í það. Það vekur athygli að þarna virðist atvinnurekendum vera veittur réttur til að stofna og ganga í stéttarfélög. Gengið hefur verið út frá því í íslenskri vinnumarkaðslöggjöf að stéttarfélög séu fyrst og fremst ætluð launafólki og litið á þau sem lagalega andstæðu atvinnurekenda og samtaka þeirra. Annað sé beinlínis andstætt hagsmunum launafólks.

Auk þess má nefna að í 2. mgr. 2.gr frumvarpsins segir að óheimilt skuli verða að skylda einstakling til að ganga í tiltekið stéttarfélag. Er það andstætt núverandi fyrirkomulagi þar sem greidd eru iðgjöld til þess félags sem gerir kjarasamning á því félagssvæði sem starfað er á. Fyrir stéttarfélagin yrði nær ómögulegt í framkvæmd að gæta og verja réttindi starfsfólks með þeirri breytingu sem um getur í frumvarpinu, þvert á landshluta. Öll undirrituð stéttarfélög hafa reynslu af slíku. Reglulega koma upp mál þar sem brotið er á launafólki og það leitar til stéttarfélags á því félagssvæði sem það starfar en hefur greitt til annars félags utan þess félagssvæðis. Oftast kemur það í hlut félags sem starfar á félagssvæðinu að verja kjör og réttindi félagsmannsins ef ágreiningur kemur upp, þar sem annað er afar erfitt í framkvæmd.

Að lokum má nefna að í greinargerð með frumvarpinu segir „Sjúkrasjóðir eru aftur á móti þess eðlis að nauðsynlegt er að tilvist þeirra sé tryggð.“ Sjúkrasjóðir stéttarfélaganna hafa mikilvægu hlutverki að gegna í félagslega velferðarkerfinu hérlendis og tryggja einstaklingum mikilvæg réttindi vegna veikinda og slysa. Sagan sýnir að það hefur reynt verulega á sjúkrasjóðina í kjölfar efnahagslæðna sem sýnir á móti hversu mikilvægir þeir eru sem samtrygging fyrir samfélagið. Sjúkrasjóðum er að hluta til haldið gangandi með iðgjöldum til félaganna enda þjónusta skrifstofur stéttarfélaganna sjúkrasjóðina að hluta til endurgjaldslaust. Rétt er að fram komi að erfitt gæti reynt að halda sjúkrasjóðum félaganna starfandi ef rammi sá sem felst í starfsemi stéttarfélaganna væri ekki tryggur líkt og lagt er til í frumvarpinu.

Samfélagið hefur ætlað stéttarfélögum verulegan hluta af því hlutverki sem félagslega velferðarkerfið á Íslandi ætti að sinna. Verði frumvarpið að veruleika yrði fótunum kippt undan því mikilvæga hlutverki. Í greinargerð með frumvarpinu er vísað til þess að málum sé öðru vísi háttað í Danmörku og í Noregi. Ljóst má vera að félagslega velferðarkerfið hérlendis þyrfti að byggja upp með öðrum hætti en nú er ætti það að standast samanburð við velferðarkerfi á Norðurlöndunum. Reynsla stéttarféлага á Norðurlöndunum af því sem frumvarpið boðar er ekki góð og horfa stéttarfélögin á Norðurlöndunum til íslenska vinnumarkaðsumhverfisins í þeim efnum. Víst er að geta stéttarfélaganna til að verja þau réttindi sem hingað til hafa verið talin sjálfsögð yrði verulega skert verði efni frumvarpsins að lögum.

Af framansögðu má telja ljóst að tillögurnar varða breytingar á grunnstoðum þess skipulags sem hefur ríkt á íslenskum vinnumarkaði. Verði frumvarpið að lögum mun íslenskt vinnumarkaðsumhverfi eins og almenningur þekkir það heyra sögunni til. Stéttarfélög myndu ekki geta varið lágmarkskjör eða réttindi þeirra sem kjósa að greiða ekki til stéttarféлага. Atvinnurekendum yrði frjálst að undirbjóða lágmarkslaun og réttindi starfsfólks sem nú eru tryggð í kjarasamningum með ófyrirséðum afleiðingum fyrir íslenskan vinnumarkað. Verði frumvarpið að lögum gæti það haft þau áhrif að stéttarfélög hefðu ekki burði til að sinna hagsmunagæslu vinnandi fólks á félagssvæðum félaganna með þeim hætti sem nú er, né tryggja lágmarkskjör og réttindi vinnandi fólks sem hingað til hafa verið talin grundvallaréttindi á íslenskum vinnumarkaði.

Virðingarfyllt,

Pórarinn G. Sverrisson, Aldan stéttarfélag

Halldóra S. Sveinsdóttir, Bárán stéttarfélag

Arnar Hjaltalín, Drifandi, stéttarfélag

Vignir Smári Mariasson, Vf. Snæfellinga

Guðrún Elín Pálsdóttir, Vf. Suðurlands

Finnbogi Sveinbjörnsson, Vf. Vestfirðinga

Hrund Karlsdóttir, Vlsf. Bolungarvíkur

Magnús S. Magnússon, Vlsf. Sandgerðis

